

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/100/EB

frá 17. febrúar 1997

um breytingu á viðauka við tilskipun 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yferráðasvæði aðildarríkis(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

hægt sé að skila verkum sem hafa mikið gildi og hafa verið flutt ólöglega frá yferráðasvæði aðildarríkis.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

I. gr.

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

Viðauka við tilskipun 93/7/EBE er breytt sem hér segir:

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum⁽³⁾,

1. Í A-lið:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) í stað 3. tölul. komi:

„3. Myndir og málverk, önnur en þau sem falla undir flokk 3A eða 4, sem handunnin eru að öllu leyti, hver sem uppistaða og efni þeirra er⁽¹⁾“;

b) eftirfarandi lið er bætt við:

„3A. Vatnslita-, gvass-, og litkrítarverk, sem handunnin eru að öllu leyti, hver sem uppistaða þeirra er⁽¹⁾“;

c) í stað 4. tölul. komi eftirfarandi:

„4. Mósaíkverk, úr hvaða efni sem er, sem ekki tilheyra flokki 1 eða 2 og sem handunnin eru að öllu leyti, og teikningar sem handunnar eru að öllu leyti, hver sem uppistaða og efni þeirra er⁽¹⁾“.

Samkvæmt mismunandi listrænum hefðum innan bandalagsins eru vatnslita-, gvass-, og litkrítarmyndir ýmist álitnar málverk eða teikningar. Flokkur 4 í viðauka við tilskipun 93/7/EBE⁽⁴⁾ tekur til teikninga sem handunnar eru að öllu leyti, hver sem uppistaða og efni þeirra er, og flokkur 3 tekur til mynda og málverka sem gerð eru í höndum að öllu leyti, hver sem uppistaða og efni þeirra er. Fjárhagsleg viðmiðunarmörk sem eiga við um þessa tvo flokka eru mismunandi. Á innri markaðinum gæti þetta leitt til alvarlegs misræmis í meðferð vatnslita-, gvass- og litkrítarmynda eftir því í hvaða aðildarríki þær eru. Að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar er því nauðsynlegt að ákvarða undir hvaða flokk þær eiga að falla til að tryggja að þau fjárhagslegu viðmiðunarmörk sem notuð eru séu hin sömu alls staðar í bandalaginu.

Reynslan sýnir að það verð sem fæst fyrir vatnslita-, gvass-, og litkrítarmyndir hefur tilhneigingu til að vera heldur hærra en það sem fæst fyrir teikningar og mun lægra en það sem fæst fyrir málverk unnin með olíu- eða temperalitum. Í samræmi við það er ráðlegt að setja vatnslita-, gvass-, og litkrítarmyndir í nýjan aðskilinn flokk þar sem viðmiðunarmörkin eru 30 000 eukur sem ætti að tryggja að

2. Í B-lið:

Eftirfarandi flokki skal bætt við:

„30 000

— 3A. (Vatnslita-, gvass-, og litkrítarverk)“.

2. gr.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. 60, 1.3.1997, bls. 59, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stj. 6, 11. 1. 1996, bls. 15.

(2) Stj. 97, 1. 4. 1996, bls. 28.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 21. maí 1996 (Stj. 166, 10. 6. 1996, bls. 38), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. júlí 1996 (Stj. 264, 11. 9. 1996, bls. 66) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. nóvember 1996 (Stj. 362, 2. 12. 1996). Ákvörðun ráðsins frá 20. desember 1996.

(4) Stj. 74, 27. 3. 1993, bls. 74.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. febrúar 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ZALM

forseti.
